




Kynning og æfing á nútíð sagna með Lyrics Training – VEGA kennsluáætlun

Efni: Að æfa nútíð sagna með netleiknum **Lyrics Training**

Efni: Enska

Aldur / bekkur: 12+ / 6. bekkur +



Stutt lýsing á netleiknum í þessari kennsluáætlun:

[Lyrics Training](#) er frábær leið til að læra ensku og önnur tungumál í gegnum tónlist og texta ýmissa vinsælla laga. Með tilkomu þessa forrits geta nemendur bætt og æft hlustunarhæfileika sína með bestu tónlistarmyndböndunum. Forritið er á netinu, það er notendavænt, fánlegt á nokkrum tungumálum og í stöðugri þróun. Það er ókeypis, en eingöngu fyrir persónulega notkun og fræðslu. Til þess að fá aðgang að öllum eiginleikum þarftu að skrá þig og búa til þinn eigin aðgang. Sem kennari geturðu notað æfingar sem fyrir eru eða búið til þínar eigin með hvaða myndbandi sem er að finna á YouTube. Nemendur þínir munu fá það verkefni að fylla í eyðurnar þegar þeir hlusta og eða syngja Karaoke af uppáhaldssmellunum sínum sér til skemmtunar. Í fræðsluskyni geturðu valið eða búið til æfingar á fjórum stigum frá „Byrjandi“ til „Sérfræðingur“.

Kynning á kennsluáætluninni

Hugmyndin að þessari áætlun er frekar einföld - til dæmis hvernig á að byrja að vinna í Lyricstraining netforritinu og skipuleggja kennslu í erlendum tungumálum, annaðhvort kynningu eða æfingar, gera kennsluna skemmtilegri og auðveldari. Það sem fram kemur hér að neðan er aðeins dæmi. Hver kennari sem hefur ókeypis aðgang að þessari þjónustu getur auðveldlega búið til sitt eigið kennsluefni sem byggir á lögunum sem henta fyrir tiltekið efni og er vinsælt meðal nemenda. Þess vegna ættir þú ekki að taka þessa kennsluáætlun sem stranga uppskrift að einu efni, heldur sem hugmynd sem hægt er að þróa á skapandi hátt.

Hæfniviðmið:

Nemendur geta:

- notað nútíð sagna á ensku á réttan hátt
- notað óreglulegar sagnir í sinni þriðju mynd
- æfa ensku - hlusta, skrifa og tala

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla

Enska:

Að nemandi geti:

- hlustað eftir ítarlegum upplýsingum, valið úr þeim sem eiga við og svarað eða unnið úr þeim
- beitt sjálfsmati og jafningjamati á raunhæfan hátt í tengslum við viðfangsefni áætlunarinnar og veitt sanngjarna endurgjöf
- nýtt reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nýta hana í nýju samhengi
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- beitt fjölbreyttum námsaðferðum sem nýtast í náminu

Stafræn verkfæri bjóða upp á eðlilegt tækifæri til að innleiða tungumálakennslu við raunverulegar aðstæður og út frá samskiptaþörfum nemenda. Kennslan þarf einnig að veita færni sem stuðlar að þátttöku og virk áhrif í alþjóðlegum heimi.

Kennslan á að efla tiltrú nemenda á getu þeirra til að læra tungumál og nota þau af hugrekki. Gefa þarf nemendum tækifæri til að stunda nám á sínum hraða og ef þörf krefur fá stuðning við námið. Haga þarf kennslunni þannig að einnig nemendur sem komast hraðar áfram eða kunna tungumálið áður geti tekið framförum.

Fjöldi nemenda: Lengd (áætlaður tími/fjöldi kennslustunda):


- fjöldi nemenda: jafn margir og í bekknum þínum - þú þarft bara réttan fjölda tækja (tölvur, spjaldtölvur eða snjallsímar - hægt að blanda saman)
- 3 kennslustundir (3 x 45 mínútur)

Búnaður og tæki:

- Netaðgangur að <https://lyricstraining.com/en/>
- Eitt tæki (tölva, spjaldtölva, snjallsími) fyrir hvern nemanda og eitt fyrir kennara; ef um snjalltæki er að ræða ætti að setja upp *Lyricstraining* appið
- viðeigandi fjölda heyrnartóla
- Prentaðir textar með og án eyðu til að æfa með nemendum (valfrjálst)

Undirbúningur kennara:

- Skráðu þig í *Lyricstraining* og lærðu hvernig á að nota það



- Undirbúðu þínar eigin æfingar eða notaðu eina af þessum: [We Are The Champions \(Live\)](#) eða [I Still Haven't Found What I'm Looking For](#)
- Tryggðu nægilegan fjölda tækja eða biddu nemendur þína að koma með sín ef þörf er á
- Undirbúið eftirfylgni sem er í takt við námskrána til að athuga hæfniviðmið leiksins

Kennslustund eitt: Fræðilegur inngangur að/upprifjun á þátíð sagna með stuttri endurtekningu á óreglulegum sögnum

(45 mínútur)

Við getum auðvitað ekki sleppt þessum hluta. Byrjaðu á fræðilegum og lýsandi inngangi, allt eftir aðstæðum, hvort sem það er fyrsta kynning á nútíð sagna eða bara upprifjun, og sýndu nokkur dæmi í samræmi við leiðbeiningar sem þú fylgir. Þessi hluti ætti ekki að taka þig meira en eina kennslustund. Ef þú átt einhvern tíma eftir skaltu byrja að kynna *Lyricstraining* fyrir nemendum þínum.

Kennslustund tvö: Leikur - Val á aðferð

(45 mínútur)

Kennslan byrjar á lokaskrefunum í innleiðingu leiksins. Kennari sér um að allir nemendur hafi aðgang að leiknum annað hvort í appi eða vafra. Deilir svo hlekknum á fyrstu æfinguna með þeim. Þetta getur verið þessi: [We Are The Champions \(Live\)](#) Þetta lag hefur nokkrar setningar í nútíð. Í þessari æfingu eru allar sagnirnar í nútíð auðar. Svo eru nokkrar af hinum sögnunum - til að gera æfinguna erfiðari.

Markmið þessa áfanga er að gefa nemendum tækifæri til að prófa þetta app og þessa æfingu í fyrsta skipti. Lokaniðurstaðan þarf ekki að vera stórkostleg. Til að klára fyrsta áfanga:

- Útskýrðu hvernig leikurinn virkar - Skrifarhamur/valhamur (Write Mode/Choice Mode), stigagjöf, tími.
- Farðu með nemendum þínum í gegnum stuttu kennsluleiðbeiningarnar sem birtast þegar ýtt er á spurningarmerkið í hægra efra horninu
- Deildu síðan fyrstu æfingunni með nemendum og leyfðu þeim að spila í valstillingunni (Choice Mode)


Þegar nemendur hafa lokið leiknum berðu saman niðurstöðurnar, ræðið leikinn og lagið, einbeittu þér að þeim hlutum sem eru erfiðastir. Til aðstoðar geturðu notað textana sem þú getur prentað beint úr forritinu.

Spilaðu svo leikinn aftur. Leyfðu nemendum að bera saman stig sín við áður unnin stig og einnig sín á milli.

Endurtaktu síðan sömu skref með öðru lagi: [I Still Haven't Found What I'm Looking For](#)

Tryggðu nægan tíma fyrir lok verkefni og skýrslugerð.

Kennslustund þrjú: Spila leikinn í ritunarham.
(45 mínútur)



Í þessari kennslustund fara nemendur yfir í meira krefjandi leikform og æfa aðra færni - að skrifa.

- Notaðu sömu lögin eða bættu við nokkrum af þínum ef þú vilt.
- Leyfðu nemendum að spila [We Are The Champions \(Live\)](#) en að þessu sinni í ritunarham (Write Mode)
- Ef það gengur vel geturðu farið í hitt ([I Still Haven't Found What I'm Looking For](#)).
- Ef það gengur ekki vel, endurtaktu þá fyrri og farðu síðan í þann síðari
- Endurtaktu seinni ef þörf krefur
- Í hverju skrefi er rætt um niðurstöður og stigagjöf

Mat á atburðarás með nemendum

Besta leiðin til að athuga hæfniviðmið er að taka einfalt próf.

- Fyrir þennan hluta þarftu ekki tölvur eða farsíma
- Prentaðu prófin úr Lyrisctraining (notaðu eyðublaðið með nafni og dagsetningu)
- Þegar nemendur hafa leyst það skaltu athuga niðurstöðurnar og ræða
- Ef þeir þurfa meiri æfingu skaltu prófa önnur lög
- Gefðu nemendum tækifæri til að ræða námsupplifunina í tímum og íhuga framfarir þeirra saman
- Ef þið eruð nógu hugrökk getið þið sungið saman ;)

Formlegt mat